

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 204/1992.

Ólafur Rúnar Gunnarsson

(Magnús M. Norðdahl hdl.)

gegn

Rúnari Valssyni

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Líkamsmeiðingar. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1992. Krefst hann þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að sök verði skipt milli sín og stefnda og kröfur stefnda lækkaðar verulega. Hann krefst þess jafnframt, að hin áfrýjaða gerð fúgetaréttar Norður-Múlasýslu verði felld úr gildi. Þá krefst hann þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um atvik að handtöku áfrýjanda 17. desember 1983 og átökum við hann hennar vegna liggur fyrir lögregluskýrsla, er stefndi gerði þá sem lögregluvarðstjóri. Er þess þar getið, að stefndi hafi meiðst á hné í þessum átökum og leitað læknis daginn eftir. Um atvikin var og fjallað skömmu síðar í refsímáli á hendur áfrýjanda fyrir saka-dómi Norður-Múlasýslu. Gaf áfrýjandi skýrslu fyrir dóminum 11. maí 1984, en stefndi daginn eftir og einnig héraðslögregluþjónninn Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson, sem stóð að handtökunni með stefnda. Komu þeir og allir fyrir dóm í máli þessu.

Um áverka stefnda og afleiðingar þeirra liggja fyrir þau læknisfræðigögn, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Af þeim verður ráðið, að eftir aðgerðina á hægra hné árið 1984 hafi hann ekki leitað til sérfræðinga um athugun á varanlegum skaða sínum fyrr en í september 1987. Var örorka hans fyrst metin 16. febrúar 1988. Ekki er

fram komið, hvenær hann gerði skaðabótakröfu á hendur áfrýjanda, en áfrýjandi kveðst fyrst hafa orðið þess var á árinu 1986, að hennar mætti vænta. Mál þetta höfðaði stefndi í nóvember 1990.

Á það ber að fallast með héraðsdómara, að fram sé komin í málinu nægileg sönnun þess, að vegna mótþróa áfrýjanda við handtöku hans hafi stefndi hlotið áverka, er leitt hafi til varanlegrar örorku, og verði við það að miða, að hún sé réttilega talin nema 25% að læknisfræðilegu mati. Hafi áfrýjandi orðið valdur að þessum áverkum, án þess að stefndi hafi átt þar sök eða áhættu, og beri hann því fulla bótaábyrgð gagnvart stefnda á tjóni hans af þeim. Hina síðbúnu kröfugerð vegna tjónsins hefur stefndi skýrt með því, að ekki hafi verið talið tímabært að meta varanlegar afleiðingar áverkanna, fyrr en raun varð. Með hliðsjón af því og atvikum að öðru leyti verður ekki á það fallist, að bótaréttur stefnda hafi glatast fyrir tómlæti af hans hálfu.

Með samþykki stefnda hefur áfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt nýjan líkindareikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 24. janúar 1995 um fjárhagstjón stefnda. Samkvæmt honum eru óskertar árstekjur stefnda 1991 og síðan áætlaðar 3.072.100 krónur og árlegt tekjutap hans 768.000 krónur í hlutfalli við þá varanlegu örorku, sem honum hefur verið metin. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku miðað við slysdag er áætlað 7.827.900 krónur, en verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 469.700 krónur. Reikningsgrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningum frá 25. október 1989 og 13. janúar 1992, en tillit tekið til síðari kauplagsbreytinga. Að beiðni áfrýjanda hefur tryggingastærðfræðingurinn einnig tekið fram, að slysdagsverðmæti örorkutjónsins nemi 4.382.600 krónum á sömu forsendum, ef gert sé ráð fyrir, að stefndi hafi verið án vinnutekjutaps til ársloka 1994.

Fyrir Hæstarétt hafa einnig verið lögð afrit af skattframtölum stefnda vegna áranna 1991-1993 og launaseðli fyrir árið 1994. Í héraði var fram komið, að stefndi fékk greiddar 495.816 krónur frá Tryggingastofnun ríkisins í nóvember 1988 sem eingreiðslu örorkubóta úr lögmæltri slysatryggingu launþega. Á því ári fékk hann einnig greiddar 109.225 krónur í örorkubætur úr slysatryggingu samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Óþarft er að einskorða mat á tjóni stefnda við þann útreikning þess, sem fyrir lá við málshöfðun, þótt kröfugerð í héraðsstefnu hafi verið mörkuð eftir honum. Er rétt að taka mið af hinum nýja lík-indareikningi. Jafnframt honum ber að líta til þess, að stefnda var unnt að halda áfram starfi sem lögreglumaður á Vopnafirði þrátt fyrir meiðsli sín, og verður ekki séð, að þau hafi að ráði valdið skerðingu á tekjum hans fram að þessu, þótt ætla megi, að aflahæfi hans framvegis sé óvissu háð. Með hliðsjón af þessu hvoru tveggja og að teknu tilliti til þeirra slysabóta, sem fyrr var getið, ásamt hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi hennar þykja bætur til stefnda fyrir fjártjón vegna örorku hans hæfilega ákveðnar 2.600.000 krónur.

Auk þessa á stefndi rétt til miskabóta, og verða þær eftir atvikum ákveðnar 200.000 krónur.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda gert að greiða stefnda samtals 2.800.000 krónur ásamt vöxtum frá 1. desember 1986 til greiðsludags og málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er um mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnda, Rúnari Valssyni, 2.800.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. desember 1986 til 21. janúar 1987, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 14. apríl sama ár og vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 600.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómpings Norður-Múlasýslu 17. febrúar 1992.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 29. nóvember 1990, og dómtekið 27. janúar sl. Stefnandi er Rúnar Valsson, kt. 240648-2109, Skálanesgötu 15, Vopnafirði, en stefndi Ólafur Rúnar Gunnarsson, kt. 201153-7949, Hafnarbyggð 27, Vopnafirði. Þá er ríkissjóði stefnt til réttargæslu í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 5.700.284 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti, til vara, að sök verði skipt og dómkröfur stefnanda lækkaðar verulega. Í varakröfu krefst stefndi málskostnaðar á sama hátt og í aðalkröfu, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Réttargæslustefndi sótti þing við þingfestingu málsins, en eigi síðar. Hann gerir ekki kröfur í málinu.

II.

Hinn 17. desember 1983 ók stefndi Ólafur Rúnar bifreið út af veginum skammt fyrir utan kaptúnið á Vopnafirði. Var hann í framhaldi af því handtekinn og færður fyrst á lögreglustöðina, en síðan á heilsugæslustöð til töku blóðsýnis. Reyndist hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Var hann fluttur þaðan að nýju á lögreglustöðina og færður að lokum í fangageymslu. Handtökuna og flutning þennan á stefnda framkvæmdu lögreglumennirnir Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson og Rúnar Valsson, stefnandi máls þessa. Stefnandi heldur því fram, að við færslu á heilsugæslustöðina og síðar á lögreglustöðina og þar á stöðinni hafi stefndi veitt mótspyrnu. Því er haldið fram í stefnu, að í þessum átökum á lögreglustöðinni hafi hægri hnéskei stefnanda rekist harkalega í og hann einnig snúist um hægri hnélið. Enn fremur segir hann, að í lögreglubifreiðinni hafi stefndi gripið sig hálstaki, og við það hafi hægri hnéskei rekist upp undir mælaborðið. Bar stefnandi á sama veg í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi.

Stefndi hefur í aðilaskýrslu fyrir dómi ekki viljað kannast við að hafa veitt mótspyrnu, en kveðst ekki hafa farið viljugur, látið ýta sér áfram. Hann neitar að hafa valdið stefnanda þeim meiðslum, er hann telur sig hafa hlotið á lögreglustöðinni. Þá kveðst hann ekki hafa ráðist á stefnanda í lögreglubifreiðinni og ekki stofnað til neinna átaka á stöðinni.

Vitnið Ingibjörn Heiðar Sigurjónsson hefur staðfest í öllu verulegu frásögn stefnanda um mótþróa stefnda, stimpingar við hann og átök þeirra, allt til þess er stefndi hafði verið lokaður inni í klefa.

Áverkum stefnanda er lýst ýtarlega í læknisvottorðum og í örorkumati Björns Önundarsonar og Júlíusar Valssonar. Í þessum gögnum kemur fram, að stefnandi leitaði til heilsugæslulæknis á Vopnafirði 18. desember 1983, þ. e. daginn eftir að hann hafði handtekið stefnda. Var þá sett gifs um hægri hnélið, en 4. janúar 1984 var hann sendur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Var gerð aðgerð 9. janúar 1984 og fjarlægður rifinn innri liðþófi úr hnénu. Ekki sýnist ástæða til að rekja lækni meðferð stefnanda frekar en fram kemur hér á eftir, að í örorkumati Júlíusar Valssonar, dags. 19. apríl 1991, segir m. a. svo:

„Ávallt þegar liðþófi er fjarlægður úr hnélið verður aukin hætta á ótímabærum slitbreytingum í liðnum, þar sem um burðarlið er að ræða. Slasaði er enn í dag með einkenni sem rekja má til áðurnefnds vinnuslyss þrátt fyrir að rúm sjö ár eru nú liðin frá því að það gerðist. Er því ljóst að vinnuslysið 18. 12. 1983 hefur valdið vissri varanlegri örorku.“

Síðar í matinu segir:

„Pau einkenni sem slasaði hefur í dag eru, að hann þreytist mjög við allt álag, langar göngur og setur. Fær þá verki í hægri hnélið. Oft heyrast smellir og brak í hnénu. Hann hlífir hægri hnélið mjög mikið. Preytist hann við akstur bifreiðar og burð. Ekki er saga um læsingar eða bólgur í liðnum eftir að liðþófinn var tekinn. Slasaði telur að óþægindin frá hægri hné hafi valdið því að álag hafi aukist á það vinstra og hefur hann haft vaxandi óþægindi frá vinstra hné síðustu árin. ...

Læknisskoðun: Það er greinileg rýrnun á lærvöðvum í báðum fótum, þetta á sérstaklega við um vastus medialis bilateralt. Það er aðgerðar-ör yfir innanverðum báðum hnjáliðum. Það eru greinileg merki um chondromalacia patellae (brjóskeyðingu á hnéskei) hægri megin sem ekki er til staðar vinstra megin. Báðir hnjáliðirnir eru stöðugir til hliðanna. Það eru ekki merki um aukinn liðvökva. Smávægileg þreif-eymsli eru yfir liðhimnu að innanverðu í hægri hné og að utanverðu í vinstra hné. Tauga- og æðaskoðun í fótum er eðlileg og hreyfiferill er óskertur í báðum hnjám. ...

Enn í dag er slasaði með einkenni frá hægri hnélið sem rekja má til áðurnefnds vinnuslyss. Ber þar helst að geta þreytuverkja við alla áreynslu, t.d. göngur, setu og burð. Preytist mjög við keyrslur. Oft heyrast smellir og brak í hnénu og við læknisskoðun koma fram greinileg merki um brjóskeyðingu og milli liðarins á milli hnéskei- lar hægri megin og liðflatarins á hægri lærlegg. Þetta er nefnt á latínu „chondromalacia patellae“. Á nýlegum röntgenmyndum koma ekki fram merki um slitbreytingar nema á hnéskei svo að ekki virðist um alvarlega brjóskeyðingu í sjálfum hnéliðnum að ræða. Brjóskeyðing á hnéskei getur hins vegar valdið miklum óþægindum með verkjum og þreytutilfinningu eins og slasaði lýsir. Einnig kemur fram við lík- amsskoðun rýrnun á innri lærvöðva sem bendir til þess að hann hlífir hnénu við álagi. Hér er um burðarlið að ræða og vel þekkt er að ótímabærar slitgigtarbreytingar í einum burðarlið geta valdið sömu breytingum í öðrum burðarlið. Ekki er því hægt að útiloka að óþæg-

indin sem slasaði hefur haft í hægra hnélið hafi valdið auknu álagi á vinstra hné. ...

Ekki er ólíklegt að höggið sem varð er slasaði rak hægra hnéð upp undir mælaborð bifreiðarinnar hafi leitt til ótímabærra slitbreytinga í femuropatellar liðnum hægra megin.

Slasaði varð þann 28. 10. 1988 metinn til 25% varanlegrar örorku af Birni Önundarsyni. Í því mati var tekið tillit til hættunnar á ótímabærum slitbreytingum í liðnum þar sem liðþófi hafi verið fjarlægður og er sú hætta enn fyrir hendi og í ljós framansögðu (sic) þykir ekki tilefni til breytinga á því mati.“

Með úrskurði, upp kveðnum 20. ágúst sl., var mál þetta lagt fyrir Lækna-ráð til umsagnar um örorku stefnanda og orsakir hennar. Ráðið komst að þeirri niðurstöðu, að áverkni sá, er stefnandi fékk á hægra hné 17. desember 1983, teldist orsök varanlegrar örorku hans og að hann hefði þá náð sér að fullu eftir aðgerð á vinstra hné, er gerð var 1980. Jafnframt féllst ráðið á mat þeirra Björns Önundarsonar og Júlíusar Valssonar á varanlegri örorku stefnanda.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar um bótaskyldu stefnda á almennu skaða-bótareglunni. Hann telur, að stefndi hafi veitt mótspyrnu við handtöku og færslu á lögreglustöð og síðar á heilsugæslustöð og þannig valdið stefnanda meiðslum. Af meiðslum þessum telur stefnandi, að hann hafi hlotið varan-lega örorku, er metin hafi verið 25%.

Í kröfum stefnanda felst annars vegar krafa um bætur vegna varanlegrar örorku samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, hins vegar krafa um miskabætur. Fyrri krafan, að fjárhæð 5.200.284 kr., er greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins og hefur verið dregin frá niðurstöðutölu útreikn-ings, en miskabótakrafan er að fjárhæð 500.000 kr.

IV.

Stefndi styður sýknukröfu sína aðallega því, að ósannað sé, að stefnandi hafi slasast með þeim hætti, er hann haldi fram.

Í öðru lagi vísar stefndi til þess, að stefnandi hafi um árábil átt við meiðsl að stríða í baki og hafi, nokkru áður en þeir atburðir gerðust, er um sé fjall-að í þessu máli, verið skorinn upp vegna meiðsla í vinstra hné. Verulegan hluta örorku stefnanda megi rekja til þess, að vinstra hné hafi ekki verið fært um að taka við auknu álagi. Þennan veikleika í vinstra hné sé að rekja til allt annars tjónsatburðar. Telur stefndi það til eigin áhættu stefnanda og vinnuveitanda hans, að lagðar voru skyldur á stefnanda sem hann hafi ekki

verið fær um að sinna. Telur hann sig ekki eiga sök, þó að veikleikar stefnanda komi fram við framkvæmd eðlilegra skyldustarfa. Varakrafa stefnda um skiptingu sakar er enn fremur á þessu reist.

Loks styður stefndi kröfu sína um sýknu við tómlæti stefnanda. Mál sé ekki höfðað fyrr en að sjö árum liðnum, frá því að tjón varð. Þá skerpi þessi langi tími sönnunarbyrði stefnanda um atvik þau, sem ágreiningur sé um, átök, sem stefndi kannist ekki við og fótur finnist ekki fyrir í skjölum málsins. Þá telur hann varhugavert að leggja framburð samstarfsmanna stefnanda til grundvallar.

Stefndi krefst þess, að við ákvörðun bóta komi greiðsla vegna slysattrýgningar stefnanda sem ríkisstarfsmanns að fullu til frádráttar. Þá krefst hann verulegs frádráttar vegna skatt- og eingreiðsluhagræðis, sem hann telur eiga að vera mikinn í samræmi við dómvenju, er tjónþolar geti áfram sinnt fyrra aðalstarfi sínu. Vísar hann á fjölmörg dómafordæmi, er hann telur styðja þessa fullyrðingu sína.

V.

Stefnanda og vitni ber saman að miklu leyti um atvik við handtöku og gæslu stefnda 17. desember 1983. Kemur framburður þeirra nú einnig heim og saman við fyrri frásagnir þeirra í lögregluskýrslu og fyrir sakadómi. Telja verður því sannað, að stefndi hafi veitt móttþróa við handtökuna, og jafnframt, að stefnandi hafi þá hlotið áverka, er leitt hafi til þeirrar örorku, er metin hefur verið varanleg 25%. Með hliðsjón af niðurstöðu Læknaráðs verður einnig að telja, að ekki verði fundnar aðrar orsakir til örorku stefnanda en áverkar þeir, er hann hlaut af völdum stefnda umrætt sinn, svo að einhverju skipti um niðurstöðu máls þessa. Verður að telja stefnda eiga sök á tjóni stefnanda og því bótaskyldan gagnvart honum vegna þessa tjóns. Verður eigi fallist á, að krafan sé niður fallin vegna tómlætis. Þá hefur eigi verið sýnt fram á, að stefnandi hafi verið ófær um að gegna löggæslustörfum. Verður sök á tjóni stefnanda eigi skipt.

Í málinu hafa verið lagðir fram útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Hefur hann reiknað fjárhagstjón stefnanda miðað við, að tjón hans sé í réttu hlutfalli við varanlega örorku hans. Útreikningar þessir eru dagsettir 25. október 1989 og 13. janúar 1992. Í fyrri útreikningnum er höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku talið nema 5.696.100 kr., en í hinum síðari 6.959.500 kr., auk þess sem þar kemur fram, að hann telur verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda nema 417.600 krónum. Í útreikningi tryggingastærðfræðingsins er miðað við árstekjur stefnanda skv. skattframtölum áranna 1980–1982, þ. e. þrjú síðustu heilu árin fyrir slysdag, svo sem tíðkanlegt er. Þá eru á tímabilinu frá slysdegi til útreikn-

ingsdags notaðir vextir af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir hafa verið í Landsbanka Íslands, en án vaxtavaxta. Frá útreikningsdegi eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir í samræmi við dómvenju.

Þar sem stefndi samþykkti ekki hækkun kröfugerðar, er kröfugerð stefnanda í málinu studd hinum fyrri útreikningi. Þykir því, eins og málið er vaxið, rétt að miða við hann við ákvörðun bótafjárhæðar.

Lögð hafa verið fram skattframtöl stefnanda. Sýna þau ekki, að tekjutap hafi komið fram svo mikið sem miðað er við í útreikningi tryggingastærðfræðingsins. Hvað sem því líður, er ljóst, að vinnugeta stefnanda er verulega skert, og má heita, að veruleg óvissa sé um, hversu lengi hann geti haldið áfram fyrra starfi. Verður því að telja, að áverki sá, er hann hlaut 17. desember 1983, hafi þegar og muni leiða til verulegs tekjutaps fyrir hann.

Að teknu tilliti til skatt- og eingreiðsluhagræðis í samræmi við dómvenju og greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins þykja bætur vegna varanlegrar örorku stefnanda hæfilega ákveðnar 3.800.000 kr. Bætur, er stefnandi hefur fengið vegna slysaftryggingarskyldu réttargæslustefnda, koma hér eigi til frádráttar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 250.000 kr. Málskostnaður ákveðst 600.000 kr., er beri vexti svo sem krafist er.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt, og þykir þrátt fyrir ákvæði 7. gr. vaxtalaga rétt að dæma vexti fram til útreikningsdags á sama hátt og tryggingastærðfræðingur gerir í útreikningi sínum. Frá þeim degi dæmast vextir skv. 7. gr. vaxtalaga til þingfestingardags, 12. desember 1990, en dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Lárus Bjarnason sýslumaður vék sæti í máli þessu 12. desember 1990. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 22. janúar 1991, var Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari á Keflavíkurflugvelli, skipaður setudómari í málinu, og kveður hann upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist nokkuð vegna anna.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Rúnar Gunnarsson, greiði stefnanda, Rúnari Valsyni, 4.050.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað, 600.000 krónur].